

Skipulagsstofnun
b/t Egill Þórisson
Borgartún 7b,
105 Reykjavík

Reykjavík 26. júní 2019
UST201906-119/R.K.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Tillaga að matsáætlun – 4.000 tonna framleiðsluaukning í Reyðarfirði og Eskifirði á vegum Laxar fiskeldi ehf.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 5. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Umhverfisstofnun tekur fram að starfsleyfi eru aðeins gefin út fyrir umfang fiskeldis í sjókvíum sem rúmast innan burðarþols Reyðarfjarðar (þar með talið Eskifjarðar) og fyrir það magn frjós laxfisks sem er undir mörkun hámarkseldis skv. áhættumati erfðablöndunar (Hafrannsóknarstofnun, 2017).

Umrædd tillaga að matsáætlun fjallar um 4.000 tonna laxeldi frjórna fiska í sjókvíum en leyfilegt umfang sjókvíaeldis frjórna laxa (*Salmo salar*) sem eftir er til úthlutunar í Fáskrúðs- og Reyðarfirði er í dag alls 3.000 tonn ef haldast á undir hámarkseldi áhættumats erfðablöndunar. Rekstraraðili hefur sótt um starfsleyfi fyrir 3.000 tonna sjókvíaeldi frjórna laxfiska í Reyðarfirði og er vinnsla þeirrar starfsleyfistillögu komin langt. Auk þess hefur rekstraraðili sótt um starfsleyfi fyrir 3.800 tonna laxeldi í Fáskrúðsfirði. Þar með er ljóst að umsóknir rekstraraðila í Fáskrúðs- og Reyðarfirði/Eskifirði eru umfram leyfilegt magn skv. áhættumati.

Framkvæmdin og eldissvæði

Rekstraraðili er nú þegar með leyfir fyrir allt að 6.000 tonna sjókvíeldi frjórna laxa í Reyðarfirði.

Í greingargerð segir frá því að áður hafi verið stefnt að allt að 10.000 tonna sjókvíaeldi, áður en burðarþolsmat Reyðarfjarðar lág fyrir, en vegna þess var umsókn um starfsleyfi fyrir aukið laxeldi í Reyðarfirði, sem nú er í vinnslu, minnkað úr 10.000 tonnum í 3.000 tonn. En svo segir í greinargerð: „*Laxar fiskeldi telja hins vegar heppilegra, í ljósi breyttra forsenda, að miða framangreinda tilkynningu [frá maí 2017 fyrir „allt að“ 10.000 tonna ársframleiðslu] við 4.000 tonna ársframleiðslu. Þar af leiðandi mun tillaga þessi, sem og frummatsskýrsla, miða við 4.000 tonn til samræmis við burðarþolsmat*

Hafrannsóknarstofnunar. Alls hyggjast Laxar fiskeldi því framleiða allt að 20.000 tonn af laxi í sjókvíum í Reyðarfirði árlega“ (bls. 9). Umhverfisstofnun bendir á að framangreindar áætlanir taka ekki tillit til leyfilegs hámarkseldis skv. áhættumati erfðablöndunar í Reyðar- og Fáskrúðsfirði sem aðeins heimila 3.000 tonna viðbótareldi frá núverandi heimiluðu umfangi á svæðinu.

Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar eru áform rekstraraðila að sækja um starfsleyfi fyrir alls 10.800 tonna sjókvíaeldi frjórra laxa í Fáskrúðs- og Reyðarfirði (3.000 tonn í Reyðarfirði + 3.800 tonn í Fáskrúðsfirði + 4.000 tonn í Reyðar- og Eskifirði) en eru þau áform í heild sinni ekki nægilegas skýr í greinargerð tillögu að matsáætlun að mati stofnunarinnar. Umhverfisstofnun telur að skýra þurfi frá áformum félagsins í þessum fjörðum í samhengi þar sem um ræðir þrjár mismunandi umsóknir um starfsleyfi og mismunandi ferli mats á umhverfisáhrifum og þar sem forsendur hafa breyst frá útgáfu burðarþolsmats svæðanna auk útgáfu áhættumats erfðablöndunar.

Vísað er í mynd 4 á bls. 19 þar sem eldissvæðin eru sýnd. Skilningur Umhverfisstofnunar er sá að Sigmundarhús, Gripaldi og Bjarg séu eldissvæði 6.000 tonna eldis gildandi starfsleyfis rekstraraðila, Hafranes, Kolmúli og Vattarnes séu eldissvæði 3.000 tonna eldis sem nú er í umsóknarferli og svo eru Högnastaðir, Útstekkur og Þernunes eldissvæði 4.000 tonna eldis sem umrædd greinargerð fjallar um.

Stofnunin biður rekstraraðila að skýra ofangreint nánar í frummarsskýrslu framkvæmdar sem og starfsemi rekstraraðila í Fáskrúðsfirði þar sem útsetning er samræmd með Fiskeldi Austfjarða hf. vegna samhangandi áhættumats erfðablöndunar í Fáskrúðs- og Reyðarfirði.

Umhverfisþættir

Þeir umhverfisþættir sem Umhverfisstofnun mun taka afstöðu til og fjallað verður um í frummatsskýrslu framkvæmdar skv. tilögunni eru; vatnsgæði sjávar, botndýralíf, villtir laxfiskar, sjúkdómar og laxalús, fuglalíf, sjávarspendýr og ásýnd.

Umhverfisstofnun minnir á mikilvægi þess að fjallað verði um fyrirhuguð vöktun og vöktunaráætlun starfseminnar sem og samlegðaráhrif eldisins við aðra starfsemi (annað eldi) í fjörðunum m.t.t burðarþols og áhættumats erfðablöndunar fyrir Reyðarfjörð/ Eskifjörð.

Umhverfisstofnun minnir á að umfjöllun mats á umhverfisáhrifum ætti að fjalla um þau áhrif sem framkvæmdin (4.000 tonna framleiðsluaukning sjókvíaeldis frjórna laxa í Reyðarfirði og Eskifirði) er líklegt til að hafa á þessa umhverfisþætti en ekki hvernig þeir umhverfisþættir kunni að hafa áhrif á eldisframleiðsluna.

Stofnunin minnir á að gera þurfi grein fyrir fjarlægðarmörkum og að fjarlægðir milli sjókvíaeldisstöðva ótengdra aðila skulu vera skv. 4. gr. reglugerðar nr. 1170/2015 um fiskeldi.

Hvíldartími og samræming útsetninga

Skv. greingargerð mun einn til tveir staðir eldis í fjörðunum alltaf vera í hvíld í allt að eitt ár (bls. 25) en stofnunin telur orðalagið vera óljóst og að hér ætti frekar að tilgreina áætlaðan lágmarkshvíldatíma.

Umhverfisstofnun telur að rekstraraðili þurfi að fjalla nánar um eldisáætlun fyrirhugaðs eldis í Reyðar- og Eskifirði og að fjallað sé um hvíldartíma og útsetningar í tengslum við sjókvíeldi frjórna laxa í Fáskrúðsfirði með samræmdum útsetningum Fiskeldis Austfjarða hf. Er þetta m.a. vegna þess að áhættumat erfðablöndunar nær til Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar saman og er því umfang sjókvíaeldis frjórna laxfiska í Reyðarfirði háð eldi í Fáskrúðsfirði.

Lífrænt álag (burðarþolsmat) og villtir laxfiskar (áhættumat erfðablöndunar)

Burðarþolsmat, unnið af Hafrannsóknarstofnun, setur líkt og áður sagði hámarks lífmassa sjókvíaeldis í Reyðarfirði (þar með talið Eskifirði) að hámarki 20.000 tonn. Áhættumat erfðablöndunar er hins vegar 15.000 tonn fyrir bæði Fáskrúðsfjörð og Reyðarfjörð saman líkt og áður sagði og er áhættumatið því takmarkandi þáttur við útgáfu starfsleyfa eldis frjórna laxa í sjókvíum í þessum fjörðum.

Í greinargerð tillögunnar segir: „*Þar sem áhættumatið getur enn tekið umtalsverðum breytingum miða Laxar fiskeldi hér við fulla framleiðslu samkvæmt burðarþolsmati*“ (bls. 15) og er þá átt við um burðarþol Reyðarfjarðar (þar með talið Eskifjarðar) sem metið er 20.000 tonn.

Umhverfisstofnun áréttar að ekki verða gefin út starfsleyfi sem heimila umfang sjókvíaeldis frjórna laxa í Fáskrúðs- og/eða Reyðarfirði/Eskifirði umfram hámarkseldi skv. gildandi áhættumati erfðablöndunar er Hafrannsóknarstofnun gefur út.

Valkostagreining

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verður fjallað um núllkost og valinn kost en að aðrir kostir séu ekki raunhæfir. Þar segir: „*Félagið hafði skoðað og síðan útilokað ýmsa kosti áður en umhverfismatsferli hófst og telur landeldi, eldi í lokuðum kvíum og eldi á geldfiski ekki raunhæfa möguleika*“ (bls. 25). Þá kemur einnig fram að minna umfang samræmist ekki markmiðum félagsins. Umhverfisstofnun telur að fjalla ætti um þá valkostagreiningu sem átti sér stað áður en matsferlið hófst þar sem öll umfjöllun um greiningu á mismunandi valkostum sem farið hefur fram ætti að vera tilgreint í frummatsskýrslu þó svo sú greining hafi átt sér stað áður en framkvæmdin hóf formlegt ferli mats á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun tekur fram mikilvægi ítarlegrar valkostagreiningar í mati á umhverfisáhrifum svo skapist svigrúm þegar kemur að útfærslu framkvæmdar við leyfisveitingu. Svo skal taka fram hver valkostanna sé aðal kostur framkvæmdar og hvers vegna. Stofnunin bendir á að hægt er að fjalla um mismunandi valkosti hvað varðar staðsetningu kvía í skilgreindu sjókvísvæði, mismunandi staðsetningar sjókvísvæða í fjörðum og lengd hvíldartíma eldissvæða tengt vöktun á álagi á botndýralíf undir kvíum.

Umhverfisstofnun tekur fram að skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ber leyfisveitanda að veita leyfi fyrir framkvæmd sem fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum. Þar með mun Umhverfisstofnun fylgja þeim forsendum sem fjallað er um í matsskýrslu framkvæmdar við gerð ákvæða starfsleyfis. Ekki er unnt að breyta grundvallar forsendum framkvæmdar í leyfisveitingu frá því sem fjallað var um í mati á

umhverfisáhrifum. Umfang eldis, hvíldartími svæða og staðsetningar kvía geta talist grundvallar forsendur starfsleyfa hvað varðar mengunarvarnir sjókvíaeldis. Því er mikilvægt að rekstraraðili fjalli ítarlega um mismunandi valkosti framkvæmdar og meti áhrif þeirra á umhverfið. Mat á umhverfisáhrifum ætti því ekki aðeins að fjalla um einn valinn kost að mati Umhverfisstofnunar heldur ætti að taka fyrir og meta nokkra valkosti en úr þeim er valinn besti kosturinn og er það val rökstutt út frá mati á áhrifum á umhverfisþætti og út frá valkostagreiningu.

Ef aðeins er fjallað um einn valkostur, valinn kost, í ferli mats á umhverfisáhrifum sem eina raunhæfa valkostinn er rekstraraðili að binda kröfur starfsleyfis við forsendur þess valkosti. Umhverfisstofnun metur það sem svo að ef sótt er um starfsleyfi, eða breytingu á starfsleyfi, sem byggir á öðrum forsendum ber að tilkynna þá framkvæmd aftur til Skipulagsstofnunar.

Stofnunin horfir einnig til umfjöllunar matsins á valmöguleikum hvað varðar frjósemi fisks (geldlax eða frjór lax) og fjarlægðar á milli eldissvæða ótengdra aðila þó svo þeir þættir falli undir lög um fiskeldi nr. 71/2008 og því á starfsviði Matvælastofnunar og þar með tekið fyrir í rekstrarleyfi eldisins.

Niðurlag

Ljóst er að fyrirhugað umfang sjókvíaeldis fjórra laxa í Reyðarfirði og Eskifirði fer fram úr heimiluðu hámarkseldi skv. áhættumati erfðablöndunar og mun starfsleyfisveiting í Reyðar- og Eskifirði ekki fara fram úr þeirri heimild. Umhverfisstofnun telur að valkostaumræða í frummatsskýrslu framkvæmdar ætti að vera ítarleg og taka ekki aðeins til annarrar tækni eldis (lokaðar kvíar, geldlax o.s.frv.) eða mismunandi umfangs eldis heldur einnig til þátta líkt og hvíldartíma eldissvæða og staðsetninga eldissvæða innan fjarða.

Beðist er velvirðingar hve tafist hefur að svara þessu erindi.



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason
teymisstjóri